

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Öndverðarnes I, frístundabyggð.

Breytt er skilmála gildandi deiliskipulags frístundabyggðar í Öndverðarnesi I. Heimilt verður að byggja allt að 40 m² gestahús/geymslu/gróðurhús á lóðum sem eru 4.000 m² og stærri. Á lóðum sem eru minni en 4.000 m² skuli notast við gildandi skilmála, þ.e. 25 m². Einnig eru ákvæði um hámarksstærð húsa, sem er 250 m² í gildandi skipulagi, felld út þar sem nýtingarhlutfallið fer yfir 0,03 vegna stærðar lóðar innan skipulagssvæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. júlí 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. nóvember 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. nóvember 2019